

Stjórn málaályktun

Á aðalafundi Forseta FUS Snæfellsbæ þann 8. nóvember síðastliðin var samþykkt eftirfarandi ályktun.

Forseti, félag ungra Sjálfstæðismanna í Snæfellsbæ krefst þess að aflaheimildir verði auknar nú þegar. Félagið vill að veiðiheimildir í Þorski verði auknar um 50.000 tonn að lágmarki og aflaheimildir í Skötusel verði tvöfaldaðar. Félagið styður áframhaldandi hvalveiðar sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að byggja upp aðra nytjastofna í kringum landið. Félagið hvetur Sjávarútvegsráðherra til þess að tvöfalda úthlutuðum kvóta í makrílveiðum fyrir næsta ár. Félagið hafnar öllum hugmyndum um fyrningarleið í sjávarútvegi og skorar á ríkisstjórnina til þess að taka þetta mál af dagskrá svo að aðilar í sjávarútvegi getið fengið frið til þess að vinna að uppbyggingu Íslands.

Félagið vill bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild og aðildarviðræður við ESB og að samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verði slitið tafarlaust. Félagið hafnar þeirri stefnu stjórnvalda að nota skuli lán í erlendum gjaldeyri til þess borga út eigendum krónubréfa. Almennigur á Íslandi á ekki að þurfa að taka ábyrgð á áhættufjárfestingum erlendra aðila.

Stjórn Forseta FUS Snæfellsbæ